



Mennta- og menningarmálaráðuneytið
mrn@mrn.is

Sent á Samráðsgátt

Reykjavík, 15. mars 2020

Efni: Umsögn SI um drög að þingsályktunartillögu um menntastefnu til ársins 2030, mál nr. 60/2020

Í fjárlögum sem lögð voru fyrir haustið 2019 ákváðu stjórnvöld að forgangsraða fjármunum í menntamálum í þágu starfs-, iðn- og tæknináms. Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“) fagna þeirri áherslu stjórnvalda enda hefur færnimistræmi á vinnumarkaði verið mikið og mikil umframeftirspurn eftir starfs-, iðn- og tæknimenntuðu fólki hér á landi.

Í fyrirbyggjandi þingsályktunartillögu um menntastefnu til ársins 2030 (hér eftir „menntastefna“) kemur fram sú skýra stefna að setja menntun landsmanna í öndvegi enda öflugt menntakerfi undirstaða samkeppnishæfs atvinnulífs. SI fagna þeirri stefnu og taka undir mikilvægi þess að fjárfest sé í menntun landsmanna, þá sér í lagi í starfs- iðn, og tækninámi. SI er stoltur þátttakandi, auk Sambands íslenskra sveitarfélaga, í aðgerðaráætlun mennta- og menningarmálaráðherra sem byggir á þeirri áherslu menntastefnu þessarar að fjölga starfs- og tæknimenntuðu fólki með því auka áhuga ungmenna á starfs- og tæknimenntun. Um er að ræða metnaðarfulla aðgerðaráætlun sem byggir á breiðu samráði við skólasamfélagið, þ.e. grunn-, framhalds, og háskóla, nemendafélög, náms- og starfsráðgjafa, Heimili og skóla og fleiri. Samtök iðnaðarins binda miklar vonir við að þau tilraunaverkefni sem ráðast á í, sem fela í sér kerfisbreytingar á starfsnámi, leiði til aukinnar aðsóknar í starfsnám og þar með mæti því markmiði stjórnvalda að fjölga starfs- og tæknimenntuðu fólki.

Liður í því að auka áhuga ungmenna á starfs- og tæknimenntun er að mati SI jafnframt að leggja aukna áherslu á náms- og starfsráðgjöf sem er mikilvæg á öllum skólastigum. SI fagna þeim áformum sem koma fram í menntastefnunni að efla eigi útgáfu efnis til notkunar í náms- og starfsfræðslu þar sem aukin áhersla er lögð á starfs- og tækninám enda styðji það sjálfstæði einstaklings í náms- og starfsvali. Bættar upplýsingar um þær námsleiðir sem eru í boði, þar á meðal starfs- og tækninám, eru til þess fallnar að auðvelda nemendum að taka upplýstar ákvarðanir um námsleiðir og ennfremur vekja mögulegan áhuga nemenda á þeim fjölmörgu námsleiðum sem standa til boða í starfs-, iðn- og tækninámi.

Í menntastefnunni er fjallað um samkeppnishæfi menntakerfisins og að gæta þurfi að því að skólakerfið dragist ekki afturúr því sem gerist erlendis. SI telur nauðsynlegt að auka hlutfall brautskráðra í svokölluðum STEM fögum hér á landi en þar erum við eftirbátar þeirra þjóða í kringum okkur sem við viljum bera okkur saman við. Í menntastefnu SI kemur fram það markmið að hlutfall brautskráðra á háskólastigi í STEM greinum verði 25% árið 2025 og því ljóst að halda þarf vel á spöðunum ef það á að nást. Leggja þarf aukna áherslu á tækni- og raungreinar á grunnskólastigi til að ná því markmiði.



Samstarf menntakerfis og atvinnulífs er forsenda þess að menntakerfið geti boðið upp á fjölbreytt nám sem nýtist nemendum í störfum að námi loknu segir í menntastefnunni. Þar kemur einnig fram að menntamálayfirvöld hjá ríki og sveitarfélögum, skólaþjónusta, skólastjórnendur, fræðsluaðilar og kennarar beri sameiginlega ábyrgð á því að skóla- og fræðslustarf sé í stöðugri endurskoðun og að umbótaviðleitni einkenni störf þeirra sem þar deila ábyrgð. SI leggja ríka áherslu á að samstarf menntakerfis og atvinnulífsins taki líka til samábyrgðar á framkvæmd og gæðum skólastarfs og tryggji aðkomu atvinnulífsins að því gæðamati.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in blue ink, which appears to read 'Jóhanna Vigdís Arnardóttir', is written over a horizontal line.

Jóhanna Vigdís Arnardóttir,
verkefnastjóri á menntasviði SI.